

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1S24  
komudagur 25.4.2005

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



FJARÐABYGGÐ

22.04.2005

Varðar : Umsögn um tillögu að þingsályktun um samgögnuáætlun 2005 til 2008.


Bæjarstjórn Fjarðabyggðar tók til umfjöllunar á fundi sínum 20. apríl 2005 erindi frá nefndasviði Alþingis dagsett 18.04.2005 þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 til 2008.

Bæjarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun vegna samgönguáætlunarinnar:

*“Bæjarstjórn Fjarðabyggðar mótmælir því harðlega að í fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir lokafjárveitingu í endurbyggingu vegarins um Hólmaháls fyrr en á árinu 2008. Þá skorar bæjarstjórn á Alþingi að í áætluninni verði gulltryggt fjármagn til áframhaldandi jarðgangarannsóknna og undirbúnings frekari jarðgangaframkvæmda. Hvað varðar framkvæmdir á sviði samgöngumála í sveitarfélaginu skal bent á að umferð um Hólmaháls vex hröðum skrefum vegna mikilla framkvæmda í sveitarfélaginu og þörf fyrir ný jarðgöng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verði sífellt brýnni. Fer bæjarstjórn fram á að efnt verði til fundar um þessi mál með þingmönnum kjördæmisins og fulltrúum sveitarfélagsins hið fyrsta.”*

Ofanritað tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. Fjarðabyggðar



Gunnar Jónsson  
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs

Afrit sent þingmönnum Norðausturkjördæmis.

Erindi númer : 2005-04-19-600

1

• Afgreiðslustaðir

Búðareyri 7	Strandgötu 49	Egilsbraut 1
730 Reyðarfjörður	735 Eskifjörður	740 Neskaupstaður
Sími: 470 9000	Sími: 470 9000	Sími: 470 9000
Bréfsími: 470 1438	Bréfsími: 476 1173	Bréfsími: 477 1771